

Þing Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar um loftslagsbreytingar 2009

World Climate
Conference -3

Better climate information for
a better future



Alþjóðaveðurfræðistofnunin WMO stendur í þriðja sinn að loftslagsþingi í Genf 31. ágúst–4. september 2009. Þingið fjallar um aðlögun að loftslagsbreytingum og munu forseti Íslands og vísindamenn frá Veðurstofu Íslands sækja það.

Aðgerðir sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hægja á loftslagsbreytingum og takmarka umfang þeirra. En einnig er þörf *aðlögunar* sem dregur úr því tjóni sem áorðnar eða óumflýjanlegar breytingar munu valda. Þrátt fyrir mikilvægi aðlögunar hefur oft verið litið framhjá þessum þætti í almennri umræðu.

Í skýrslu vísindanefndar umhverfisráðuneytisins, *Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*, sem kom út sumarið 2008, er meðal annars bent á að hækkandi sjávarstaða og breytingar afrennslis á landi á Íslandi geti haft í för með sér aukna náttúruvá. Mikilvægt er að beitt sé heildstæðri aðferðafræði til að takast á við áhættumat, forvarnir, viðbrögð við hamförum og endurmat áhættu í kjölfar hamfara. Einnig kemur fram að fela þurfi einum aðila að sinna heildstæðri stefnumótun í þessum málaflokki til að tryggja víðtækara samstarf, skýrari ábyrgð og samhæða aðferðafræði. Vísindanefndin lagði áherslu á að skoða þyrfti sérstaklega hvernig innleiða mætti áhættustýringu vegna náttúruvár og loftslagsbreytinga.

Þing Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar eru stefnumótandi og hafa haft mikil áhrif. Fyrsta þingið var haldið árið 1979 og í kjölfar þess var vöktun loftslags og loftslagsbreytinga stórbætt, auk þess að það skilaði þeim árangri að *Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar* (IPCC) var komið á fót. Milliríkjanefndin gerir reglulegar úttektir á vísindalegri þekkingu á loftslagsbreytingum af mannavöldum, fjallar um afleiðingar þessara breytinga, um viðbrögð til þess að sporna við þeim og samfélagslega aðlögun. Síðasta úttekt milliríkjanefndarinnar kom út árið 2007 og sama ár fékk nefndin friðarverðlaun Nóbels.

Á þinginu í haust verður fjallað um aðlögun að loftslagsbreytingum og hvernig bæta má hana með betri loftslagsspám og upplýsingaveitum. Með loftslagsspám er átt við spár í ætt við veðurspár sem geta gefið til kynna líkindi á afbrigðilegu veðri næstu misseri, og úrvinnslu niðurstaðna loftslagslíkana sem geta gefið til kynna líklegar breytingar ýmissa þátta á næstu áratugum.

Dagskráin verður tvískipt. Í fyrri hlutanum munu sérfræðingar leggja mat á getu loftslagsvísinda til að spá fyrir um afbrigðilegt veður eftir nokkra mánuði. Einnig verður rætt hvernig slík vitneskja geti komið notendum að mestu gagni. Í þessum hluta er því rætt um hvernig nota megja bætтар loftslagsspár og upplýsingaveitur til þess að draga úr veðurtengdu tjóni. Í síðari hlutanum munu stefnumótendur ræða aðgerðir og væntanlega taka ákvarðanir um framhaldið.

Í tengslum við þingið gefur Alþjóðaveðurfræðistofnunin út ritið *Climate Sense*, en í því er fjallað um aðlögun að loftslagsbreytingum víða í heiminum. Ísland er eitt þeirra landa sem fjallað er um og mun forseti Ísland birta þar ávarp. Hann mun einnig flytja ræðu á þinginu. Veðurstofa Íslands er með innlegg um Ísland í bókinni og jafnframt erindi á ráðstefnunni þar sem gerð er grein fyrir sameiginlegum verkefnum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem Veðurstofan stýrir, um áhrif loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa. Þessi verkefni gætu orðið vísir að upplýsingaveitu fyrir Norðurlönd og Eystrasaltslöndin um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúru og samfélag.